

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 2/2002 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2002 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningagrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu fyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 2000 framreiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 2001.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2001 telst 10% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 10,2% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2001. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2001 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 8. janúar 2002.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.